

Annar fundur Umhverfisnefndar 2017-18 haldinn 14. mars 2018 klukkan 14:00.

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Áslaug María, Kjartan Valur, Gunnar Ingi, Hilmar Nói, Rúnar Smári, Sóley Mist, Sigurbjörn Ási, Signý Heiða og Pétur Yngvi. Fulltrúar starfsfólks: Dóra Esther og Guðrún Sigurðardóttir skólastjóri. Fulltrúi foreldra: Sunneva Kristjánsdóttir.


Guðrún setti fundinn og allir kynntu sig. Guðrún byrjaði á að sýna fundarmönnum teikningar sem hún fékk af fyrirhugaðri nýbyggingu við leikskólann og sköpuðust heilmiklar umræður um hvað væri hvar á teikningunni og hver gerir hvað.

Þá var farið yfir fundarreglurnar og að því loknu var farið yfir fundargerð síðasta fundar í þemanu „orka“.

Guðrún fór yfir það sem ákveðið var á gera á síðasta fundi og spurði fundarmenn hvort við hefðum gert það sem við ætluðum okkur. Mikil umræða varð um öll þau listaverk sem við gerðum fyrir dag leikskólans. Einnig ætluðum við að athuga hvort ávextir og grænmeti geti búið til orku sem hægt er að nota fyrir eitthvað annað en okkur eins og til dæmis að kveikja á klukku. Við gerðum þessa tilraun og voru allir fundar menn sammála um að hún hafi tekist mjög vel þangað til að Guðrún spurði þau hvaða ávexti við notuðum, þá rifjaðist upp fyrir þeim að okkur tókst ekki að nota peruna en eplið og tómaturnir virkaði. Allir fundarmenn voru sammála um að ávextir væru góðir orkugjafar, hvort heldur til að kveikja á klukku eða til að gefa okkur sjálfum orku.

Skoðuð voru nokkur spjöld af ýmsu sem gefur okkur orku eins og t.d. vindmyllum, kolum, gasi og sól. Guðrún spurði fundarmenn hvort þeir vissu um eitthvað sem notaði orkugjafann rafmagn og voru þeir ekki í vandræðum með að svara því. Þeir töldu t.d. upp rafmagnsljós, rafmagnsstaur, rafmagnsvír, tölvan og ljósapera.

Ólíkar gerðir af orku



Hér er ein myndin sem við skoðuðum af mismunandi orkugjöfum

Þá var komið að því að ákveða hvað gera ætti fyrir næsta fund. Ákveðið var með meirihluta atkvæða að fyrir næsta fund myndum við skoða betur rafmagnið og hvað hér í leikskólanum notar rafmagn. Gera tilraunir með rafmagn, eins og til dæmis með blöðrum og hárinu okkar og að lokum var ákveðið að hafa ein rafmagnslausan dag í leikskólanum.

Að þessu loknu þakkaði Guðrún fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit fundi.

Fundargerð.
Guðrún Sigurðardóttir